

**Ed.**

**756. Breytingartillaga**

[310. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1970, um menntaskóla.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir IX. kafla laganna komi nýr kafli, **Um nám fullorðinna**, svohljóðandi:

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Skal kennslan vera nemendum að kostnaðarlausu. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa.